

Sp.

749. Fyrirspurn

[440. mál]

til félagsmálaráðherra um öndunarfærasjúkdóma hjá starfsfólki álversins í Straumsvík.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Er sami háttur hafður á heilsugæslu hjá starfsfólki álversins og tíðkast hjá öðrum stórum efnaverksmiðjum í landinu?
2. Eru sérstakar hættur á öndunarfærasjúkdómum hjá starfsfólki álversins?
3. Eru vísbendingar um að þessir sjúkdómar séu óeðlilega algengir hjá starfsfólki álversins?
4. Hafa sérstakar kerfisbundnar rannsóknir verið gerðar á tíðni þessara sjúkdóma í álverinu?